

S A M Þ Y K K T

fyrir Norður-Þingeyjarsýslu um eyðingu svartbaks.

1. gr.

Innan takmarka Norður-Þingeyjarsýslu skal svartbakur vera réttdræpur og skal honum útrýmt með skotum.

Þar sem æðarvarp er eða í grennd við það, má þó ekki skjóta, nema með leyfi og í samráði við jarðarábúanda.

2. gr.

Skýlt er hverjum jarðarábúanda að eyða svartbakseggjum og svartbaksungum, eftir því sem kostur er, á landi ábýlisjarðar sinnar eða öðrum þeim löndum, sem hann hefur umráð yfir. Hreppsnefnd skal hafa eftirlit með, að menn geri skyldu sína í þessu efni, og sé um vanrækslu að ræða, lætur hún framkvæma eyðinguna á kostnað þess, sem skylduna á að rækja.

3. gr.

Sérhverri hreppsnefnd sýslunnar er skýlt að hlutast til um eyðingu svartbaks í sínum hreppi og ráða þær í því skyni skotmenn eftir þörfum.

4. gr.

Fyrir hvern skotinn svartbak greiðir oddviti úr sveitarsjóði kr. 12.00. Skal skotmaður sýna hægri væng fuglsins til sönnunar fyrir því, að hann hafi drepit fuglinn, en oddviti brennir eða eyðileggur vængina þegar er hann hefur greitt skotmannslaun.

5. gr.

Oddviti hreppsnefndar sendir sýslumanni tvírtaða skrá um hver áramót um tölu þeirra fugla, er skotlaun hafa verið greidd fyrir, en sýslumaður endurgreiðir hluta sýslusjóðs af skotmannalaunum og innheimtir þann hluta, sem greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum til sveitarsjóðs, samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936, sbr. lög nr. 14 31. marz 1962.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936, sbr. lög nr. 14 31. marz 1962, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 12. maí 1964.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.